



Borgarráð

Heimild til lúkningu á innheimtum krafna frá 2022 og eldri

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela fjármála- og áhættustýringarsviði að semja við Íslandsbanka um lok innheimtu krafna útgefna á árinu 2022 og fyrr með vísan í hjálagt minnisblað sviðstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 29. nóvember 2022. Lagt er til að samið verði um að einingaverð sé í samræmi við grunnverð á þjónustunni 1. janúar 2023 og að breyting á einingaverði geti átt sér stað í samræmi við 1.2.4 gr. í nógildandi samningi við bankann sem rennur út 31. desember nk.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:
Minnisblað sviðstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 29. nóvember 2022

**MINNISBLAÐ****Viðtakandi:** Borgarráð**Sendandi:** Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavíkurborg er með samning við Íslandsbanka um fjármálaþjónustu vegna fruminnheimtu frá 25. nóvember 2016. Samningurinn rennur út 31. desember 2022 og því var farið í útboð á fjármálaþjónustu, Innheimtuþjónustu ásamt fruminnheimtu.

Nýr samningur, við Landsbankann, mun taka gildi 1. janúar 2023 og taka til krafna útgefnum eftir það. Gildistími samningsins er 7 ár með möguleika á heimild til framlengingar, að fengnu samþykki Landsbankans, um tvisvar sinnum 2 ár í senn. Heimilt verður að segja upp samningnum með 6 mánaða fyrirvara, 12 mánuðum eftir að samningur er kominn á.

Núverandi samningur við Íslandsbanka tekur ekki skýrt á því hvernig innheimtu og fruminnheimtuþjónustu vegna krafna sem þegar hafa verið stofnaðar skuli háttáð eftir að samningur rennur út 31. desember nk. Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að ekki eigi að færa kröfur sem stofnast á árinu 2022 eða fyrr, hjá Íslandsbanka, yfir til nýs samningsaðila. Það er því mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að semja verði sérstaklega við Íslandsbanka um lok innheimtu á kröfum útgefnum á árinu 2022.

Um verð og verðbreytingar segir í nógildandi samningi við Íslandsbanka í 1.1.1 gr.:

Óski samningsaðili eftir því að breyta samningsverði, til hækkunar eða lækkunar, í samræmi við breytingar á vísitölu bankakostnaðar nr. 12511 sem Hagstofa Íslands reiknar út og birtir, er gagnaðila skylt að verða við slíkri breytingu. Ósk um breytingu á verði á samningstímanum skal gera fyrir 10. janúar hvert ár og tekur þá breytingin gildi frá og með 1. janúar.

Grunnverð á fjármálaþjónustu vegna fruminnheimtu frá 1. janúar 2017 eru eftirfarandi:

Þjónustuliðir	Fjöldi skv. útboði	Íslandsbanki	
		Einingaverð án vsk.	Fjárhæð án vsk.
Stofnun kröfu í fyrirtækjabanka	740.000	15 kr	11.100.000 kr
Krafa greidd í banka	543.000	8 kr	4.344.000 kr
Krafa greidd í beingreiðslu	147.000	7 kr	1.029.000 kr
Niðurfelling kröfu	26.000	15 kr	390.000 kr
Breyting kröfu	84.000	14 kr	1.176.000 kr
Krafa sett í framhaldsinnheimtu	51.000	0 kr	0 kr
Birtingar í netbanka	774.000	14 kr	10.836.000 kr
Innheimtuviðvörðun	54.000	135 kr	7.290.000 kr
Kröfubréf II fyrir Bílastæðasjóð	10.000	144 kr	1.440.000 kr
			<u>37.605.000 kr</u>



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,

Haldóra Káradóttir

Sviðsstjóri

Fjármála- og áhættustýringarsvið